

Norðurþing
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 03. Janúar 2023

Efni: Tillaga að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar á Húsavík, Norðurþingi

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings frá 06. desember sl. hvar óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlanda eystra um ofangreint efni.

Breytingartillagan felur í sér sameiningu tveggja lóða að Norðurgarði 7 og 9 í eina og sú lóð er stækkuð inn á athafnasvæði hafnarstarfsemi samkvæmt núgildandi deiliskipulagi. Lóðin Norðurgarður 7 verður þá 12.100 m² og þar heimilt að reisa hús fyrir flutningastarfsemi eða úrvinnslu sjávarfangs. Hámarks nýtingarhlutfall verður 0,5 og mesta þakhæð 11 m.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík.

Virðingarfyllt

Jóhannes H Hauksson
heilbrigðisfulltrúi